



ÁRSSKÝRSLA 2017



AFLIÐ

samtök gegn kynferðis- og heimilisofbeldi
á Norðurlandi

UM ÁRSSKÝRSLU AFLSINS

Í þessari ársskýrslu segir frá fimmtánda starfsári Aflsins, samtaka gegn kynferðis- og heimilisofbeldi. Sagt er frá sjálfshjálparstarfinu, fræðslustarfinu og þeirri hugmyndafræði sem liggur að baki starfseminni. Einnig eru teknar saman tölulegar upplýsingar um skjólstæðinga auk þess sem farið er yfir fjármál samtakanna.

Mikilvægt er að eiga tölulegar upplýsingar um skjólstæðinga, eðli ofbeldisins og afleiðingar, bæði til þess að greina þörfina fyrir starfsemi Aflsins í samfélaginu, greina breytingar og til þess að auka þekkingu á málaflokknum. Árið 2016 voru komuskýrslur þróaðar frekar og var það liður í aukinni gagnasöfnun um starfsemina. Tölulegar upplýsingar í þessari ársskýrslu byggja á komuskýrslum sem þróaðar voru 2016.

Á aðalfundi samtakanna 2017 var Elín Björg Ragnarsdóttir kosin formaður, Hrafnhildur Gunnþórsdóttir varaformaður, Arnar Logi Björnsson ritari, Þórunn Anna Elíasdóttir gjaldkeri og Tryggvi Hallgrímsson meðstjórnandi. Varamenn voru kjörnir Sigrún Finnsdóttir og Rósa Matthíasdóttir. 1. nóvember vék Arnar Logi Björnsson úr stjórn og Rósa Matthíasdóttir tók sæti hans.

Stjórn Aflsins, kjörin á aðalfundi 2017:

Elín Björg Ragnarsdóttir, formaður
Hrafnhildur Gunnþórsdóttir, varaformaður
Þórunn Anna Elíasdóttir, gjaldkeri
Arnar Logi Björnsson, ritari
Tryggvi Hallgrímsson, meðstjórnandi
Sigrún Finnsdóttir, Varamaður
Rósa Matthíasdóttir, Varamaður

Aflið

Aðalstræti 14, 600 Akureyri

Símar: 461-5959 og 857-5959

Netfang: aflid@aflidak.is

Vefsíða: www.aflidak.is

Ritstjóri: Hjalti Ómar Ágústsson

Tölfræðiúrvinnsla: Hjalti Ómar Ágústsson

Ársreikningur: ENOR

Hönnun og uppsetning: Villydóttir hönnun

Prentun: Prentsmiðjan.is

EFNISSYFIRLIT

Um ársskýrslu Aflsins.....	2
Efnisyfirlit.....	3
Stjórnarpistill	4
Þróun Aflsins.....	6
Starfsemi Aflsins	8
Hugmyndafræðin á bak við starf Aflsins.....	9
Eintaklingsviðtöl.....	10
Hópastarf	11
Forvarnir og fræðsla.....	11
Breytingar í stjórnar- og starfshópnum	12
Samstarf.....	13
Ýmsir viðburðir, námskeið og ráðstefnur á árinu	14
Tölfræði	18
Einkaviðtöl.....	18
Nýir skjólstæðingar	19
Hópastarf	19
Ástæður komu	19
Fjármál.....	20
Styrkir.....	20
Útgjöld	21
Ársreikningur	22-23
Skýrsla stjórnar.....	25
Áritun ENOR.....	26
Rekstrarreikningur 2017.....	27
Efnahagsreikningur 2017.....	28
Skýringar og sundurliðanir.....	29-30

STJÓRNARPISTILL

Árið 2017 var á heildina litið gott ár í starfsemi Aflsins og ánægjulegt að hafa fundið þá velvild og stuðning sem Aflið nýtur í nærsamfélaginu, en stuðningur samfélagsins er lykillinn að því að starfsemin blómstri. Talsvert hefur verið unnið í því að efla enn frekar faglegt starf innan Aflsins og eftirspurnin eftir þjónustu hefur aukist ár frá ári. Er staðan nú orðin sú að yfir 1400 viðtöl voru veitt á árinu 2017.

Megin þunginn í starfinu var eins og áður aðstoð við þolendur kynferðis- og heimilisofbeldis, en einnig hafa í auknum mæli leitað til Aflsins þolendur annars konar ofbeldis s.s. eineltis. Fellur sú aðstoð vel að starfsemi Aflsins þar sem afleiðingar og úrvinnsla ofbeldis eru svipaðar óháð eðli ofbeldisins. Er því engum vísað frá sem til Aflsins leitar til að vinna úr sínum áföllum.

Metoo herferðin birtist Aflinu einna helst í nokkurri aukningu á viðtölum og fjölgun skjólstæðinga. Er svo opin umræða mikilvæg þar sem þolendur sem hafa hingað til ekki haft kjark til að stíga fram og vinna úr sínum áföllum fá meðbyr frá samfélaginu og hvatningu.

Forvarnarstarfið í ár fólst að stærstum hluta í kynningarheimsóknum í grunn- og framhaldsskóla þar sem rætt var við unglunga um afleiðingar ofbeldis. Ennfremur stóðu ráðgjafar vaktina á ýmsum bæjar og útihátíðum á Norður og Austurlandi.

Á árinu 2016 var ráðinn verkefnastjóri í 50% starf og á haustmánuðum var starfshlutfall hans aukið tímabundið í 75% fram yfir áramót þar sem verkefnin eru mörg. Þetta viðbótarvinnuframlag var nýtt til kynningarstarfs auk þess að skýra alla ferla starfseminnar betur, bókhald og starfsemi Aflsins gerð gegnsærri og upplýsingar um starfsemina áreiðanlegri.

Í lok árs var farið í kynningarheimsóknir og fundað með sveitastjórnnum og fagaðilum allt frá Hvammstanga í vestri til Langaness í austri. Á fundunum kom vel fram hve mikilvæg starfsemi Aflsins er enda æskilegast að fólk á landsbyggðinni hafi þessa þjónustu sem næst heimabyggð. Aflið er, ásamt fleirum, þátttakandi í undirbúningsvinnu vegna opunar þjónustumiðstöðvar fyrir þolendur ofbeldis á Norðurlandi að frumkvæði Höllu Bergþóru Björnsdóttur lögreglustjóra á Norðurlandi eystra. Hugmyndin byggir á sömu hugmyndafræði og Bjarkarhlíð í Reykjavík þar sem miðað er að því að veita þolendum

ofbeldis alla þjónustu á einum og sama staðnum. Við bindum miklar vonir við þetta verkefni og sjáum fram á að þjónusta við þolendur ofbeldis á Norðurlandi eigi eftir að verða markvissari og betri þegar þjónustumiðstöðin verður opnuð.

Stjórn ásamt ráðgjöfum hóf stefnumótunarvinnu á árinu þar sem við skoðuðum starfsemina út frá ýmsum sjónarhornum. Niðurstaða þeirrar vinnu verður betur ljós á árinu 2018 en fram komu hugmyndir um að fá til liðs við Aflið ráðgjafa sem staðsettir yrðu t.d. á Austurlandi og Norðvesturlandi. Ljóst er þó að öll útvíkkun á starfssvæði og starfsemi ræðst alfarið af þeim fjármunum sem ríki, sveitarfélög, félagasamtök og aðrir velunnarar veita til starfseminnar. Jafnvægi var í útgjöldum og tekjum Aflsins á árinu en miðað við núverandi starfsemi og tekjur er ljóst að ekki verður mögulegt að efla starfsemina, í besta falli að halda í horfinu á árinu 2018, nema til komi auknar tekjur.

Verkefnin framundan eru mörg en mikilvægast er þó að styrkja grundvöll starfseminnar enn frekar en nú er orðið og hægt verði að gera áætlanir til lengri tíma en árs í senn.

Með þökkum

Stjórn Aflsins

ÞRÓUN AFLSINS



Sæunn Guðmundsdóttir fyrrum ráðgjafi og einn stofnenda Aflsins

Aflið var stofnað á Akureyri árið 2002 í framhaldi af tilraunastarfsemi Stígamóta og Jafnréttisstofu. Í upphafi störfuðu sjö sjálfboðaliðar sem ráðgjafar hjá Aflinu. Árið 2017 störfuðu fjórtán manns með samtökunum, sjö stjórnarmenn, fimm ráðgjafar, handleiðari og verkefnastjóri. Starf stjórnar er að mestu unnið í sjálfboðastarfi og eru stjórnarfundir haldnir aðra hverja viku. Á aðalfundi 2017 var tekin sú ákvörðun að greiða stjórnarformanni fyrir stjórnarfundum enda mikil vinna sem liggur

að baki starfa stjórnar sem að mestu leggst á formann. Ráðgjafar Aflsins starfa sem verktakar hjá samtökunum og er þeirra starf fyrst og fremst fólgið í einstaklingsviðtölum en einnig í hópastarfi, forvörnum, fræðslu og öðrum tilfallandi verkefnum. Á seinni hluta árs var starfshlutfall verkefnastjóra aukið tímabundið í 75% en verkefnastjóri sinnir daglegu utanumhaldi um starf samtakanna, reikningshaldi og heldur utan um samskipti og samstarf auk þess að sinna öllum þeim óteljandi óskilgreindum verkefnum sem til falla.

Í upphafi bauð Aflið skjólstæðingum sínum upp á einstaklingsviðtöl og sjálfshjálparhópa auk þess sem sí mavakt var starfrækt fram til ársins 2016. Ýmislegt hefur breyst með þróun í málaflakkinum en einkaviðtöl og sjálfshjálparhópar eru enn kjarninn í starfseminni. Nú orðið koma fyrirspurnir frá skjólstæðingum að mestu í gegnum internetið og í því ljósi var sí mavaktin endurskoðuð. Þar sem bráðaðþjónusta við þolendur ofbeldis hefur verið bætt bæði hjá lögreglu og í heilbrigðiskerfinu var sú ákvörðun tekin að sinna ekki lengur sí mavakt allan sólarhringinn og gekk sú breyting í gegn í ágúst 2016. Einstaklingsviðtölum hefur fjölgað jafnt og þétt frá upphafi og hefur starfsemin margfaldast á undanförunum árum. Árið 2017 var metár bæði hvað varðar fjölda viðtala og fjölda nýrra skjólstæðinga. Orsakir þessarar stöðugu fjölgunar má eflaust rekja til aukinnar umræðu og meðvitundar í samfélaginu sem ekki síst má þakka ýmiskonar átökum á samskiptamiðlum.

Aflið hefur undarfarin ár haft þjónustusamning við Akureyrarbæ og hefur átt góða samvinnu við bæjaryfirvöld. Á vordögum 2016 var gerður nýr þjónustusamningur við



Sigrún Finnsdóttir, fyrrverandi formaður Aflsins, og Eiríkur Björn Björgvinsson, bærarstjóri, við undirritun samkomulags vegna Gamla Spítala á vordögum 2016. Mynd: Þórgnýr Dýrfjörð

Akureyrarbæ sem fól í sér að í stað fjárstyrks veitir Akureyrarbær Aflinu styrk í formi afnota að húsnæðinu í Gamla spítala (Gudmanns Minde) að Aðalstræti 14. Með því er húsnæðisvandi Aflsins leystur og starfsemin komin í fullnægjandi húsnæði á Akureyri. Samningurinn felur í sér viðveru og sýnileika á fjölmennustu helgum í bænum, þar

sem ráðgjafar og sjálfbóðaliðar á vegum Aflsins ganga um miðbæ og tjaldsvæði í merktum vestum, hengja upp plaköt með upplýsingum um Aflið á fjölförnum stöðum og eru sýnilegir á viðburðum. Auk þess veita ráðgjafar frá Aflinu tveimur árgöngum grunnskóla bæjarins fræðslu á ári hverju. Í fræðslunni fer fram kynning á starfsemi Aflsins og hvert hægt er að leita eftir aðstoð ef börn hafa verið beitt ofbeldi ásamt almennri fræðandi umræðu um heimilis- og kynferðisofbeldi. Samningurinn gildir til ársloka 2018 og verður þá tekinn til endurskoðunnar. Þetta samstarf Akureyrarbæjar og Aflsins er hluti af þeirri vitundarvakningu sem hefur átt sér stað á undanförunum misserum. Það er Akureyrarbæ til sóma að bjóða upp á slíka þjónustu og hvetjum við önnur sveitarfélög til að taka sér Akureyri til fyrirmyndar í þessum efnum. Það er ljóst að fræðsla og umræða um þessi erfiðu mál eru mikilvægir þættir í baráttunni gegn afleiðingum ofbeldis og auðveldar aðgengi þolenda að þjónustu við hæfi.

Á opnu húsi Aflsins þann 7. desember 2016 var undirritaður styrktarsamningur milli Aflsins og ENOR. Samningurinn var undirritaður af Sóley Björk Stefánsdóttir þáverandi varaformanni Aflsins og Níels Guðmundssyni forstöðumanni endurskoðunar hjá ENOR. Styrktarsamningurinn felur í sér að ENOR tekur að sér gerð ársreiknings fyrir Aflið og sér um yfirferð á



Sóley Björk Stefánsdóttir, varaformaður Aflsins, og Níels Guðmundsson, endurskoðandi, undirrita styrktarsamning Aflsins og ENOR í desember 2016.

ársreikningi og fjárreiðum samtakanna. Þetta er í fyrsta skiptið sem löggiltir endurskoðendur taka að sér yfirferð á ársreikningum Aflsins og er því um nokkur tímamót að ræða. Samningurinn gildir til eins árs en framlengist um eitt ár í senn sé honum ekki sagt upp. Árið 2017 er fyrsta árið sem ársreikningur er unninn að fullu í samráði við ENOR og með aðstoð þeirra hefur allt utanumhald með reikningum og bókhaldi tekið stakkaskiptum. Aflið þakkar ENOR fyrir þeirra framlag og vonandi verður framhald á þessu samstarfi.

Aflið hefur fengið fjárframlög af fjárlögum síðustu tvö árin auk viðbótarframlags frá Velferðarráðuneytinu sem hefur haft mikil og góð áhrif á þróun samtakanna og gert þeim kleift að sinna af krafti þeim umbótaverkefnum sem nauðsynlegt var að ráðast í.

Fjárskortur hafði staðið samtökunum mjög fyrir þrífum á undanförnum árum og hefur aukið fjármagn skipt sköpum í þróun starfseminnar og m.a. gert það mögulegt að ráða faglegan ábyrgðarmann sem leitt hefur kraftmikla umbótavinnu með ráðgjöfum auk þess sem lagt hefur verið í stefnumótunarvinnu og kynningar á starfsemi samtakanna á Norðurlandi allt frá Hvammstanga til Þórshafnar.

Starfsemi Aflsins

Grunnurinn í allri starfsemi Aflsins er þjónustan við brotaþola og aðstandendur. Ávallt er boðið upp á ráðgjöf í einstaklingsviðtölum. Til þessa hefur konum verið boðið í hópastarf í kjölfar einstaklingsráðgjafar en ekki hefur enn verið unnt að bjóða upp á hópa fyrir karla

eða aðstandendur. Vegna aukinnar aðsóknar karla í ráðgjöf eru nú forsendur fyrir því að setja í gang hópastarf með karmönnum og verður fyrsti karlahópurinn gangsettur í febrúar 2018.

Ráðgjafar Aflsins sækja ráðstefnur og námskeið sér til endurmenntunar. Einnig sækja þeir handleiðslu til fagaðila ásamt því að funda vikulega þar sem þeir veita hver öðrum stuðning og ráðgjöf.

Stjórn sér fyrst og fremst um fjármögnun og rekstur samtakanna en einnig að nokkru leyti um umsýslu og skipulagningu. Stjórn fundar að jafnaði á tveggja vikna fresti þar sem farið er yfir málin og ákvarðanir teknar í samræmi við markmið og lög félagsins. Á aðalfundi í maí 2017 voru gerðar nokkrar breytingar á lögum samtakanna. Þar ber helst að nefna að lögð var áhersla á að Aflið veitir þolendum hvers kyns ofbeldis ráðgjöf þó að áherslan hafi verið á þolendur kynferðis- og heimilisofbeldis. Helstu ástæður þessarar breytingar eru að rannsóknir og reynsla okkar sýna að afleiðingar ofbeldis og úrvinnsla þeirra eru að miklu leyti þær sömu hvers kyns sem ofbeldið er. Reyndin er enn fremur sú að skjólstæðingar okkar eru að vinna úr afleiðingum margskonar ofbeldis, s.s. eineltis, andlegs ofbeldis og vanrækslu í æsku. Auk þess er aflið að sinna skjólstæðingum víða að og ekki eru forsendur fyrir mörgum sérhæfðum samtökum á svæðinu. Stjórn Aflsins þótti því eðlilegt að lögin endurspegluðu þá staðreynd að allir hafa, og geta, leitað til Aflsins um ráðgjöf burtséð frá því hvers eðlis ofbeldið er sem verið er að vinna úr.

Enn fremur var með lagabreytingu komið á fót Fulltrúaráði en það skipa allir stjórnarmenn ásamt faglegum ábyrgðarmanni og þremur fulltrúum ráðgjafa. Til fulltrúaráðs má skjóta öllum stefnumarkandi ákvörðunum að beiðni stjórnarmeðlima eða ráðgjafa. Markmiðið með þessari breytingu er að treysta samband stjórnar og ráðgjafa og að stefnumarkandi ákvarðanir séu teknar í samráði við ráðgjafa en á þeim byggir allt starf samtakanna.

Hugmyndafræðin á bak við starf Aflsins

Frá upphafi hefur Aflið mætt einstaklingum sem þangað leita á jafningjagrundvelli. Rauði þráðurinn í starfinu er sú hugmynd að það fólk sem til okkar leitar sé sjálft sérfræðingar í sínu lífi. Litið er á afleiðingar ofbeldisins og áhrif þeirra á líf fólks sem eðlilegar afleiðingar af óeðlilegum aðstæðum. Það að vera beittur ofbeldi er aldrei sök brotaþola. Fólk sem

hefur verið beitt ofbeldi býr yfir miklum styrk sem það hefur notað til að komast í gegnum ofbeldið og þær afleiðingar sem það hefur haft.

Sýnt hefur verið fram á að jafningjastuðningur er mikilvægur þáttur í úrvinnslu afleiðinga ofbeldis í bland við stuðning fagaðila og hefur það ávallt verið kjarninn í hugmyndafræði Afslins. Mikilvægur þáttur í hugmyndafræðinni er að taka mark á reynslu þeirra sem hafa verið beittir ofbeldi án þess að dæma eða skilgreina. Gagnkvæm virðing og að mæta fólki þar sem það er hverju sinni í lífi sínu er grundvallaratriði í starfseminni og við leitumst við að vera fólki samferða í því ferðalagi sem úrvinnsla afleiðinganna er. Þannig felst vinnan fyrst og fremst í því að gera einstaklingana meðvitaða um eigin styrkleika og aðstoða við að nota þá til að breyta og bæta eigið líf. Hver og einn fær þann tíma sem hann eða hún þarf til að vinna úr afleiðingunum.

Í samræmi við þessa hugmyndafræði eru allir ráðgjafar Afslins einstaklingar sem beittir hafa verið ofbeldi á lífsleiðinni og hafa unnið með þær afleiðingar sem það hefur haft á líf þeirra. Þar að auki fara allir ráðgjafar Afslins í gegnum þjálfunarferli og hafa víðtæka reynslu og menntun sem nýtist þeim vel í starfi. Allir ráðgjafar njóta handleiðslu utanaðkomandi fagaðila að eigin vali en þar að auki njóta ráðgjafar Afslins sem hópur handleiðslu faglegs ábyrgðarmanns við stefnumótun og framkvæmd þjónustunnar.

Eintaklingsviðtöl

Þegar einstaklingur leitar til Afslins í fyrsta sinn er boðið upp á einstaklingsviðtal hjá ráðgjafa. Þar fær viðkomandi stuðning við að koma ofbeldisreynslu sinni í orð og skoða þær afleiðingar sem ofbeldið hefur haft. Ráðgjafar Afslins leggja mikla áherslu á að byggja upp traust milli skjólstæðings og ráðgjafa, til dæmis með virkri hlustun, samkennd og með því að deila að einhverju leyti eigin reynslu, í samræmi við það sem best nýtist þeim sem þjónustuna sækir.

Að koma í einstaklingsviðtal er stundum fyrsta skrefið sem brotapolí tekur til þess að ná tökum á afleiðingum ofbeldisins en stundum er það síðasta skrefið í langri vegferð á leið til bata. Birtingarmyndir afleiðinganna eru gjarnan skömm, brotin sjálfsmynd, lítil sjálfsvirðing, kvíði, depurð eða önnur vanlíðan. Einstaklingurinn ræður sjálfur ferðinni í úrvinnslunni með tilliti til þess hve mikinn stuðning hann vill og hve lengi. Konum hefur verið boðið upp á sjálfshjálparhópa ef þeim finnst þær þurfa áframhaldandi stuðning til að vinna úr ofbeldi eftir að hafa verið í einstaklingsviðtölum í einhvern tíma. Einnig er

skjólstæðingum bent á fleiri úrræði, svo sem sálfræðinga, geðlækna eða félagsráðgjafa, allt eftir þörfum og óskum hvers og eins.

Hópastarf

Frá upphafi hefur hópastarf verið hluti af grunnþjónustu Aflsins og eru slíkir hópar mikilvægur liður í því að rjúfa einangrun brotapolá. Einstaklingar sem hafa reynslu af ofbeldi upplifa oft svipaðar tilfinningar þrátt fyrir ólíka reynslu og í slíkum hópi geta þeir deilt tilfinningum sínum og reynslu og þannig fengið aukinn skilning á þeim.

Hóparnir hittast í 11 skipti í u.þ.b. þrjár klukkustundir í senn. Í hvert skipti er tekið fyrir ákveðið málefni þar sem þátttakendur deila hugleiðingum sínum. Allir sem taka þátt í sjálfshjálparhópum gera það á eigin forsendum og ráða því sjálfir með hvaða hætti þeir takast á við þær afleiðingar sem unnið er með í slíkum hópum. Hver hópur samanstendur af fjórum til átta einstaklingum auk ráðgjafa frá Aflinu. Markmið hópastarfsins er að einstaklingarnir geti sótt styrk hver til annars til að takast á við þær afleiðingar sem rekja má til ofbeldis. Reynslan af sjálfshjálparhópum hefur verið mjög góð og hafa þátttakendur verið ánægðir með reynslu sína í þeim sem og þær breytingar sem þeir hafa fundið hjá sjálfum sér við þá vinnslu sem þar fer fram. Til þessa hefur einungis konum verið boðið í hópastarf en ekki hefur verið unnt að bjóða upp á hópa fyrir karla eða aðstandendur vegna ónógrar aðsóknar þessara hópa í slíka þjónustu. Körlum sem sækja ráðgjöf hjá Aflinu hefur fjölgað umtalsvert síðustu árin og hefur nú verið ákveðið að hefja hópastarf fyrir karla á árinu 2018 og mun fyrsti karlahópurinn hittast í febrúar 2018.

Forvarnir og fræðsla



Jokka, Sigga og Olla fræða grunnskólanema

Mikilvægur hluti af starfsemi Aflsins er að halda úti fræðslu og forvörnum. Það er gert til að efla vitund almennings um hvert brotapolar ofbeldis og aðstandendur geta leitað og hvernig hægt er að fá aðstoð. Einnig er mikilvægt að fræða unga fólkið og efla vitund þess um ofbeldi. Aflað hefur sinnt fræðslu í 7. og 9. bekkjum grunnskóla bæjarins undanfarin ár, í tengslum við

Þjónustusamning við Akureyrarbæ. Einnig er farið með fræðslu í framhaldsskóla, háskóla, stofnanir, fyrirtæki og félagasamtök sé þess óskað. Árið 2017 sinnti Aflíð fræðslu fyrir Menntaskólann á Akureyri, Verkmenntaskólann á Akureyri, fulltrúa frá félagsmiðstöðvum á Austurlandi, Lady Circle og velunnara Aflsins sem óskuðu kynningar á starfsemi samtakanna. Jokka G. Birnudóttir brá undir sig betri fætinum í mars og hélt erindi á Neskaupsstað á tveimur málþingum á vegum Verkmenntaskóla Austurlands; Málþingi ungmenna á Austurlandi 17. mars og forvarnarmálþinginu “Erum við góð við hvort annað” þann 18. mars.

Breytingar í stjórnar- og starfshópnum

Ýmsar breytingar urðu á hópnum á árinu. Sigríður Sveinsdóttir, Ólöf María Brynjarsdóttir og Sæunn Guðmundsdóttir létu allar af störfum sem ráðgjafar og þakkar Aflíð þeim þeirra framlag og óeigingjarnt starf í þágu samtakanna og skjólstæðinga þeirra. Með brotthvarfi Sæunnar urðu ákveðin tímamót í sögu samtakanna þar sem hún er sú síðasta af stofnmeðlimum samtakanna sem hverfur frá störfum. Að öðrum ólöstuðum er óhætt að segja að enginn hafi lagt meira af mörkum til samtakanna frá stofnun þeirra en Sæunn. Fjöldi skjólstæðinga sem leitað hafa ráðgjafar hjá Sæunni á 15 ára ferli hennar sem ráðgjafa hjá Aflinu hleypur á hundruðum og framlag hennar verður seint fullpakkað. Það er með mikilli eftirsjá og söknuði sem við þökkum Sæunni sérstaklega fyrir hennar þátt í að gera samtökin að því sem þau eru í dag.

Þrír nýir ráðgjafar hófu störf á árinu. Sigurbjörg (Sibba) Harðardóttir hóf störf í maí. Sibba er iðjuþjálfari og stundar auk þess nám við Háksólann á Akureyri í heilbrigðisvísindum með áherslu á sálræn áföll og ofbeldi. Karen B. Elsudóttir hóf einnig störf í maí. Karen er með BA í sálfræði frá Háskólanum á Akureyri og er í meistaranámi í sálfræði við Háskóla Íslands. Aníta Stefánsdóttir gekk til liðs við Aflíð í október. Aníta er iðjuþjálfari að mennt og hefur víðtæka reynslu af störfum við meðferð og endurhæfingu. Aflinu er mikill fengur af þessum nýju ráðgjöfum og bjóðum við þær velkomnar til starfa.

Miklar breytingar urðu á skipan stjórnar á aðalfundi 2017. Kristín Heba Gísladóttir, Sóley Björk Stefánsdóttir, Anna Guðný Egilsdóttir og Sigrún Finnsdóttir gáfu ekki kost á sér til áframhaldandi setu í stjórn. Aflíð þakkar þeim þeirra framlag og óskar þeim velfarnaðar í hverju því sem þær taka sér fyrir hendur í framtíðinni. Nýir stjórnarmenn voru kosnir Elín Björg Ragnarsdóttir, Hrafnhildur Gunnþórsdóttir, Tryggvi Hallgrímsson og Þórunn Anna

Elíasdóttir auk Arnars Loga Björnssonar, sem var sá eini af fyrri stjórn sem gaf kost á sér til endurkjörs. Varamenn voru kosnir Rósa Matthíasdóttir og Sigrún Finnsdóttir. Arnar Logi tók sér leyfi frá stjórnarstörfum í nóvember og sæti hans tók Rósa Matthíasdóttir.

Samstarf

Undanfarin ár hefur samstarf aukist mikið milli Aflsins og Lögreglunnar á Akureyri annars vegar og Sjúkrahússins á Akureyri hins vegar. Samstarfið er gott á milli allra aðila og haldnir sameiginlegir fundir. Slíkir fundir fara aðallega fram fyrir viðburði á borð við Bíladaga og aðrar stórar helgar. Á árinu tóku fulltrúar frá Aflinu þátt í samráðsfundum vegna *Bíladaga* og *Einnar með öllu* á Akureyri, *Mærudaga* á Húsavík og *Eistnaflugs* á Neskaupstað. Aflið vill þakka aðstandendum þessara hátíða kærlega fyrir gott samstarf og samvinnu.



Frá Eistnaflugi

Á árinu var hafin undirbúningsvinna vegna

Miðstöðvar fyrir þolendur ofbeldis á Norðurlandi að frumkvæði Höllu Bergþóru Björnsdóttur, lögreglustjóra á Norðurlandi eystra. Samstarfsaðilar eru Lögreglan á Norðurlandi eystra, Aflið, Akureyrarbær, Sjúkrahúsið á Akureyri, Heilbrigðisstofnun Norðurlands, Kvennaráðgjöfin, Samtök um kvennaathvarf, Mannréttindaskrifstofa Íslands og Háskólinn á Akureyri. Við hjá Aflinu erum mjög spennt fyrir þessu verkefni og teljum að slík miðstöð yrði mikilvægt skref í þjónustu við þolendur ofbeldis á landsbyggðunum. Verði slík miðstöð að raunveruleika má reikna með að samstarf Aflsins við viðbragðsaðila eflist enn frekar, þolendum til mikilla hagsbóta.

Aflið og bráðamóttakan/neyðarmóttakan á Sjúkrahúsinu á Akureyri hafa nú í áraraðir átt í samstarfi. Ef óskað er eftir eru ráðgjafar Aflsins til staðar í því ferli sem við tekur þegar leitað er til neyðarmóttökunnar. Fyrir kemur að starfsfólk neyðarmóttökunnar þurfi að leita til Aflsins vegna skjólstæðinga og fer þá ráðgjafi til að sinna því. Einnig er starfsfólk SAK duglegt að vísa fólki til Aflsins ef við á.

Aflið hefur átt mjög gott samstarf við ýmsa einstaklinga í gegnum tíðina og var engin breyting þar á á þessu ári. Bryndís Símonardóttir fjölskylduráðgjafi sinnir hóphandleiðslu fyrir ráðgjafa og stjórn en ráðgjafar sækja einstaklingshandleiðslu til fagaðila að eigin vali. Einnig hefur Aflið átt góð samskipti við fagaðila vegna skjólstæðinga sinna og má þar nefna geðlækna, sálfræðinga, félagsráðgjafa og lögfræðinga. Þessir aðilar eru duglegir að vísa skjólstæðingum til Aflsins og öfugt. Einnig hefur Aflið verið að styrkja sambandið við félagasamtök í málaflokknum, t.d. Stígamót, Drekaflóð og Kvennaathvarfið.

Á haustmánuðum fóru starfsmaður og ráðgjafar Aflsins af stað með kynningar fyrir sveitarstjórnir og viðbragðsaðila á Norðurlandi í þeim tilgangi að efla samstarf við þessa aðila og kynna starfsemi og þjónustu samtakanna við þolendur. Verkefnið fékk styrk frá Samfélagssjóði Landsvirkjunar og kunnum við Landsvirkjun mikla þakkir fyrir. Kynningarnar náðu til svæðisins frá Húnaþingi vestra til Langanesbyggðar og áttu fulltrúar Aflsins mikil og góð samskipti við kynningargesti. Kynningar þessar hafa þegar skilað sér í óskum um frekari fræðslu á þessum svæðum og viðtölum við þolendur ofbeldis en lokamarkmiðið er alltaf að ná til sem flestra sem þurfa á aðstoð við vinna úr ofbeldi að halda. Það var samdóma álit okkar og þeirra sem sóttu kynningarnar að þær hafi verið mjög gagnlegar og eflt tengsl Aflsins við sveitarfélög og viðbragðsaðila á svæðinu.

Ýmsir viðburðir, námskeið og ráðstefnur á árinu

Eins og önnur ár, var árið 2017 viðburðaríkt hjá Aflinu.

Fulltrúar frá Aflinu sóttu námskeið um að vinna með streitu og erfið samskipti á vegum SÍMEY, *Empowering Women* á vegum ERASMUS í Belgíu og leiðbeinendanámskeið Stígamóta. Í mars fjömentu fulltrúar frá Aflinu á hádegisfund um *Líðan ungs fólks* á vegum Jafnréttisstofu og Zontaklúbbana á Akureyri. Í apríl fór starfsmaður Aflsins á árlega vorráðstefnu Miðstöðvar skólaþróunar sem í þetta sinn fjallaði um *Jafnrétti í skólastarfi* og var haldin í samstarfi við Jafnréttisstofu. Aðalfyrirlesarar voru Dr. Guðný Guðbjörnsdóttir og Dr. Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, en þau eru bæði prófessorar við Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Auk þess vakti erindi nemenda við Verkmenntaskólann á Akureyri um reynslu þeirra af kynjafræði sem áfanga mikla athygli. Alþjóðastofa hélt málstofu um *Innflytjendamál á Norðurlandi* og mætti fulltrúi frá Aflinu á hana.

Í tengslum við aðalfund Aflsins boðuðu samtökin til *Málþings um tengsl kláms og ofbeldis* sem haldið var í Hafnarvitanum 28. apríl. Málþingið hófst með ávarpi Kristínar Hebu Gísladóttur, ritara stjórnar Aflsins, og kynningu ársskýrslu samtakanna. Ólöf María Birnu Brynjarsdóttir, meistaraniemi í félagsvísindum flutti erindið *Ofbeldi og yfirvald, vangaveltur um ofbeldi og birtingarmyndir þess í nútíma samfélagi*, Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir, verkefnastýra jafnréttismála hjá skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar, flutti erindið *"Mér finnst það bara verða grófara og grófara" Upplifun ungs fólks á kynlífi, klámi og ofbeldi* og Hildur Friðriksdóttir, meistaraniemi í félagsvísindum flutti erindið *„Þú ert bara ráðin til að kyngja, kinka kolli á milli lappa og hlusta á mig syngja“ Hugleiðingar um klámvæðingu og afleiðingar hennar*. Fundarstjóri var Pétur Guðjónsson leikstjóri.

Aflið tók þátt í undirbúningi fyrir ráðstefnuna *Einn blár strengur* og var með kynningarbás þar. *Einn blár strengur* er átak um vitundarvakningu á kynferðisofbeldi gegn körlum og drengjum. Átakið, sem leitt er af Sigrúnu Sigurðardóttur, lektor við heilbrigðisvísindasvið Háskólans á Akureyri, er samstarfsverkefni með alþjóðlegum samtökum sem kallast *1bluestring*. Nafn verkefnisins vísar til þess að erlendar rannsóknir sýna að einn af hverjum sex drengjum verða fyrir kynferðisofbeldi fyrir 18 ára aldur. Til að styðja verkefnið og vekja athygli á því settu ýsmar hljómsveitir og tónlistarmenn, s.s. Skálmöld, Dr. Spock, Magni Ásgeirsson, Bubbi Morthens og Rúnar Eff einn bláan streng í gítara sína auk þess sem *Einn blár strengur* var á rokkhátíðinni *Aldrei fór ég suður* á Ísafirði. Átakið náði hámarki með ráðstefnu sem haldin var í Háskólanum á Akureyri þann 20. maí þar sem fluttir voru fyrirlestrar um efnið auk þess sem tónlistarmenn sem styrkt höfðu átakið komu fram. Þess má geta að hlutfall karlmannna af nýjum skjólstaðingum hjá Aflinu tvöfaldaðist á árinu 2017 miðað við árið 2016. Má leiða að því líkum að sú aukning stafi af



Mobilizing Men and Boys for Gender Equality in the Baltic Sea Region í Norræna húsinu

aukinni umræðu um þolendur ofbeldis og þá ekki síst *Einum bláum streng* átakinu.

Ísland gegndi formennsku í Eyrstrasaltsráðinu og voru jafnréttismál ein af megináherslum Íslands. Eyrstrasaltsráðið hélt Rakarastofuviðburð í samvinnu við Norrænu ráðherranefndina þar sem áherslan var á hvernig jafnréttismál og viðhorf í samfélaginu eru samtvinnuð ofbeldi og

mansali. Viðburðurinn var haldinn í maí í Norræna húsinu undir nafninu *Mobilizing Men and Boys for Gender Equality in the Baltic Sea Region*. Aflið sendi tvo fulltrúa sem hlýddu á pallborðsumræður sem tóku á jafnrétti, kynbundnu ofbeldi og mansali auk þess að taka þátt í vinnustofum þar sem þátttakendur fjölluðu um jafnréttismál.

Aflið tók í þriðja sinn þátt í Reykjavíkumaraþoninu árið 2017. Við viljum þakka þeim frábæru hlaupurum sem hlupu fyrir okkur og öllum þeim sem studdu við bakið á þeim og styrktu þannig Aflið með fjárframlagi sínu. Stuðningur ykkar er ómetanlegur og fyrir hann erum við ákaflega þakklát. Alls söfnuðust 293.502 krónur.

Fundur fólksins var haldinn í Hofi á Akureyri í September. Fundur fólksins er vettvangur fyrir hin ýmsu félagasamtök, stjórnmálaflokka og stofnanir til að kynna sig og sín störf eða áherslur og er tilgangurinn að virkja lýðræðisþátttöku almennings og vera vettvangur allra þeirra sem vilja ræða málefni samfélagsins. Aflið var með bás á Fundinum og áttu fulltrúar samtakanna í góðum samskiptum við gesti og gangandi og aðra þátttakendur.



Þorsteinn Víglundsson, Félags- og jafnréttismálaráðherra, við setningu *Nordiske kvinder mot vold*

Fulltrúar frá Aflinu fjölmenntu á ráðstefnu í september á vegum norrænu kvennaathvarfahreyfingarinnar *Nordiske kvinner mot vold* sem haldin var í byrjun september. Yfirskrift ráðstefnunnar að þessu sinni var *Raddirnar - hugmyndir, viðhorf og þarfir brotaþola ofbeldis*. Fulltrúar frá Aflinu fóru í heimsókn til Stígamóta og Kvennaathvarfsins í Reykjavík og fræddust um starfsemi þeirra en opin hús hjá þessum aðilum voru hluti af dagskrá ráðstefnunnar. Heimsóknin var bæði fróðleg og gagnleg auk þess sem hún styrkti tengsl Aflsins við starfsfólk þessara samtaka.

Kosið var til Alþingis í október og í tilefni af því boðaði *Femínistafélag Háskóla Íslands* til málþings um kynferðisofbeldi á Íslandi. Málþingið var haldið í Lögbergi í HÍ og þar mættu fulltrúar stjórnmálaflokkanna og kynntu sína stefnu vegna kynferðisofbeldis og ræddu hvað mætti betur fara og hvaða úrbætur þeirra flokkar hygðu á í málaflokknum. Fulltrúar Aflsins þáðu boð um að mæta og áttu í gagnlegum samskiptum við fólk úr ýmsum flokkum og félagasamtökum. Af erindum fulltrúa flokkanna mátti skilja að þeim væri málefnið hugleikið og að mikil áhersla væri lögð á það

í þeirra stefnum. Aflið fagnar því að sjálfsögðu og væntir þess að það endurspeglar í störfum þingmanna flokkanna.

Alþjóðlegt 16 daga átak gegn kynbundnu ofbeldi hefur verið haldið um árabíl. Það hefst 25. nóvember, á alþjóðlegum baráttudegi gegn ofbeldi gegn konum, og stendur fram að alþjóðlegum degi mannréttinda 10. desember. Jafnréttisstofa heldur utan um átakið, en markmið þess er að knýja á um afnám alls kynbundins ofbeldis. Aflið hefur tekið virkan þátt í atakinu undanfarin ár með ýmsu móti og í ár var haldið opið hús í nýju húsnæði Aflsins í Aðalstræti 14 þar sem boðið var upp á léttar veitingar í bland við erindi og tónlist. Sigurbjörg Harðardóttir, ráðgjafi hjá Aflinu, flutti erindið *Sálræn áföll og örorka* um afleiðingar ofbeldis á heilsu. Stefán Jón Pétursson flutti erindi um einelti og sína reynslu og Jokka G. Birnudóttir flutti erindið *Frjálsir vængir*. Milli atriði nutu viðstaddir ljúfra tóna frá Jokku og Hermanní Arasyni, og Svavari Knúti, Ragnheiði Gröndal og Kristjönu Stefánsdóttur. Óhætt er að segja að opna húsið hafi verið vel heppnað og var stöðugur straumur gesta allt frá byrjun til enda. Við þökkum öllum þeim sem komu í heimsókn til okkar kærlega fyrir komuna og einnig þökkum við öllum þeim sem lögðu hönd á plóg til að gera opna húsið að veruleika, bæði einstaklingum sem lögðu til vinnu og fyrirtækjum sem styrktu okkur.

Jafnréttisstofa var með fund um samvinnu gegn heimilisofbeldi á Norðurlandi eystra mánudaginn 4. desember undir yfirskriftinni *Byggjum brýr – brjótum múra*. Aflið fjölmennti á fundinn og Kristján Hrannar Jónsson, ráðgjafi hjá Aflinu var með erindi þar og sat í panel og tók þátt í umræðum eftir að erindum lauk. Samvinna milli þeirra sem hafa með þessi málefni að gera er mjög mikilvæg og er þolendum mjög til hagræðis og hagsbóta. Á fundinum kom fram að samvinna er sífellt að aukast og meðvitund um mikilvægi hennar er mikil. Auk Kristjáns fluttu Fríða Rós Valdimarsdóttir, sérfræðingur á Jafnréttisstofu, Halla Bergþóra Björnsdóttir, Lögreglustjóri Norðurlands eystra og Vilborg Þórarinsdóttir, forstöðumaður barnaverndar á fjölskyldusviði Akureyrarbæjar erindi á fundinum og Hafdís Inga Friðriksdóttir, ráðgjafi Bjarkarhlíðar, kynnti starfsemi Bjarkarhlíðar og þróun verkefnisins. Eins og fram hefur komið er hafin vinna við undirbúning Miðstöðvar fyrir þolendur ofbeldis á Norðurlandi og byggir sú vinna að miklu leyti á sömu hugmyndum og starfsemi Bjarkarhlíðar gerir.


Þátttaka Aflsins í öllum þessum viðburðum þjónaði þeim tilgangi að efla samstarf Aflsins við aðra þátttakendur, fræða og efla starfsfólk og kynna starfsemi samtakanna fyrir öðrum sem hafa með málaflokkinn að gera og auka sýnileika samtakanna með það að markmið að ná til sem flestra þolenda.

Tölfræði


Einkaviðtöl

Árið 2017 sinntu átta ráðgjafar hjá Aflinu einstaklingsviðtölum, þar af sjö konur og einn karlmaður. Fólk af báðum kynjum kemur í einstaklingsviðtöl til Aflsins.

Árið 2017 fjölgaði einstaklingsviðtölum um 15,3% frá árinu 2016. Viðtölin voru 1403 talsins og alls komu 188 skjólstæðingar í einstaklingsviðtöl árið 2017.




Tafla 1. Fjöldi einstaklingsviðtala síðastliðin 6 ár.



Tafla 2. Fjöldi skjólstæðinga síðastliðin 6 ár.

Nýir skjólstæðingar


Nýjum skjólstæðingum fjölgaði á árinu og voru þeir 149, sem er metfjöldi en árið 2016 voru nýir skjólstæðingar 104 sem gerir 43% fjölgun milli ára. Nýir skjólstæðingar voru að meðaltali 112 á ári frá 2012-2016. Karlmenn voru 21% nýrra skjólstæðinga og er það tvöfalt hærra hlutfall en 2016.



Tafla 3. Fjöldi nýrra skjólstæðinga hjá Aflinu síðastliðin 6 ár.

Hópastarf

Árið 2017 voru haldnir tveir sjálfshjálparhópar. Í hópunum voru samtals 8 skjólstæðingar auk eins ráðgjafa sem tók þátt sem hluti af þjálfun sem nýr leiðbeinandi í hópastarfi.




Tafla 4. Fjöldi skjólstæðinga sem sóttu hópastarf hjá Aflinu síðustu 6 ár

Ástæður komu

Lang flestir þeirra sem til Aflsins leita eru að vinna úr fleiri en einu áfalli. Líkamlegu ofbeldi fylgir oft andlegt ofbeldi, sérstaklega þegar um er að ræða ofbeldi í nánnum samböndum, og sést það best á því að 88% þeirra sem til Aflsins leituðu voru að vinna úr andlegu

ofbeldi. Milli 50 og 60% skjólstæðinga Aflsins voru að vinna úr afleiðingum heimilisofbeldis, nauðgunar, kynferðislegrar áreitni, eineltis eða líkamlegs ofbeldis.



Fjármál

Aflið hefur á undanförunum árum notið velvildar einstaklinga sem gefa mikið af sínum frítíma í vinnu fyrir samtökin. Á það bæði við um stjórn Aflsins, ráðgjafa og velunnara. Þessi framlög í vinnu eru mikilvægur hluti rekstursins ekki síður en fjárframlög hinna fjölmörgu einstaklinga, félagasamtaka og fyrirtækja.

Styrkir

Í byrjun árs 2017 samþykkti Alþingi í fjárlögum tíu milljón króna fjárframlag til Aflsins en sú ákvörðun var tekin eftir mikinn þrýsting frá þingmönnum Norðausturkjördæmis og sveitarstjórnnum á Eyjafjarðarsvæðinu. Þetta var annað árið í sem Aflið fær þessa fjárhæð á fjárlögum og hefur það gerbreytt fjárhagsstöðu Aflsins sem hafði árin á undan hlotið um og yfir þrjár milljónir á ári í rekstarstyrki frá Velferðarráðuneytinu en styrkveitingar ráðuneytisins eru venjulegar samþykktar í febrúar-mars. Til viðbótar við framlag af

fjárlögum voru svo veittar 4,5 milljónir í rekstrarstyrk frá Velferðarráðuneytinu. Þessi auknu framlög gera samtökunum kleift að ráðast í brýn umbótaverkefni en ekki síður er þetta mikil traustsyfirlýsing til samtakanna og taka stjórnarmeðlimir Aflsins ábyrgð sína afar alvarlega og heita því að tryggja góða meðferð á þeim fjármunum sem félaginu hefur verið úthlutað. Fulltrúar Aflsins áttu fund með Félags- og jafnréttismálaráðherra á vordögum 2017 til að undirbúa samstarfssamning við ráðuneytið og tryggja þannig fjármögnun til lengri tíma en eins árs í senn. Vinna við það var hafin en vegna stjórnarslita



Hrafnhildur Gunnþórsdóttir, varaformaður Aflsins, tekur við styrk frá Lionsklúbbi Akureyrar

og kosninga náðist ekki að ljúka þeirri vinnu. Verkefnastjóri Aflsins hefur verið í sambandi við starfsfólk ráðuneytisins og verður vinnu við samstarfssamning væntanlega lokið á árinu.

Aflið nýtur auk þess stuðnings einstaklinga, félagasamtaka, fyrirtækja og sveitarfélaga og námu styrkir frá þessum aðilum um 2.300.000 á árinu 2017. Meðal styrktaraðila má nefna Soroptimistaklúbb Akureyrar sem veitir styrki úr

Menntasjóði Aflsins, Lionsklúbb Akureyrar, Samfélagssjóð Landsvirkjunar og KEA.

Útgjöld

Útgjaldamynstur Aflsins hefur breyst í kjölfar aukinna fjárframlaga. Með auknu starfshlutfalli verkefnastjóra jókst launakostnaður og eins hefur auknum fjármunum verið varið til handleiðslu ráðgjafa og faglegrar þróunar Aflsins. Greiðslur fyrir hvern tíma í ráðgjöf jukust einnig nokkuð á árinu en nú fá ráðgjafar greiddar 5.000 kr. fyrir hvern tíma en þeir bera sjálfir ábyrgð á greiðslum allra skatta og gjalda af þeirri upphæð. Auk þess hefur verið unnið í því að fjölga ráðgjöfum með það að markmiði að minnka álag á þá. Það er okkar von að með þessum aðgerðum minnki velta ráðgjafa en nokkur hreyfing hefur verið á ráðgjöfum síðustu ár og er nú svo komið að aðeins einn ráðgjafi hefur unnið hjá samtökunum lengur en 18 mánuði við ráðgjöf. Þetta hefur þau áhrif að útgjöld aukast nokkuð vegna faglegrar vinnu, námskeiða, ferða og fundarkostnaðar og annars starfsmannatengds kostnaðar.

Ársreikningur

ENOR ehf. hefur tekið saman ársreikning fyrir Aflið fyrir árið 2017. Meðfylgjandi er ársreikningur eins og hann verður lagður fram fyrir aðalfund.

Rekstrartekjur námu tæpum 20,2 m.kr. samanborið við tæplega 17,7 m.kr. fyrir árið 2016. Munar þar mest um að framlög úr ríkissjóði jukust um 1,5 m.kr. milli ára. Rekstrargjöld numu tæplega 21,6 m.kr. samanborið við rúmlega 12,1 m.kr. árið 2016. Rekstrargjöld samtakanna voru því meiri en rekstrartekjur sem nam tæplega 1,4 m.kr. en rekstrarafgangur ársins 2016 nýttist til að standa undir þessum mun.

Eins og sjá á undir skýringum og sundurliðunum í ársreikningi eru stærstu kostnaðarliðirnir laun ráðgjafa og verkefnastjóra. Munur á þessum útgjaldaliðum milli áranna 2016 og 2017 skýrist að mestu af því að verkefnastjóri samtakanna fór í launalaust leyfi seinni hluta árs 2016 og vegna óvissu um framtíðar fjármögnun samtakanna var beðið með að fara í nauðsynlegt þróunarstarf innan samtakanna þar til undir lok árs 2016 og því framhaldið á árinu 2017. Nýr verkefnastjóri í 50% stöðu var ráðinn undir lok árs 2016 og starfshlutfall hans hækkað í 75% tímabundið frá september 2017 til að mæta auknu álagi vegna kynningar- og þróunarstarfs samtakanna. Auk þess var ráðgjöfum fjölgað á árinu og laun þeirra hækkuð til þess að minnka álag og starfsmannaveltu sem hefur verið mikil síðustu misseri.

Aukinn kostnaður felst einnig í handleiðslu ráðgjafa og þróun starfs þeirra undir stjórn faglegs ábyrgðarmanns samtakanna. Þetta er mikilvægur liður í því að bæta þjónustuna og koma í veg fyrir kulnun í starfi hjá ráðgjöfum

AFLIÐ
SAMTÖK GEGN KYNFERÐIS- OG HEIMILISOFBELDI

ÁRSREIKNINGUR 2017

Skýrsla stjórnar

Aflið er samtök sem voru stofnuð á Akureyri árið 2002 í framhaldi af tilraunastarfsemi Stígamóta þar sem í ljós kom mikil þörf fyrir samtök af þessu tagi. Starfsemin byggir á forsendum þolenda kynferðislegs ofbeldis og/eða heimilisofbeldis.

Rekstrartekjur samtakanna á árinu 2017 námu kr. 20,2 millj. en þær voru kr. 17,7 millj. á árinu 2016. Tap ársins nam kr. 1,3 millj. í samanburði við kr. 5,6 millj. hagnað á árinu 2016. Heildareignir námu í árslok kr. 5,7 millj. og eigið fé var um kr. 5,4 millj.

Framtíðaráform

Gert er ráð fyrir að grunnstarfsemi samtakanna verði með svipuðu móti á árinu 2018 og hún var á árinu 2017. Auk þess er Aflið þátttakandi í undirbúningsvinnu fyrir Miðstöð fyrir þolendur ofbeldis á Norðurlandi og hafinn er undirbúningur að því að auka við þjónustu við þolendur á Norðvesturlandi og Austurlandi.

Ráðstöfun rekstrarniðurstöðu

Stjórnin vísar til ársreikningsins varðandi meðferð á rekstrarniðurstöðu ársins.

Það er álit stjórnar samtakanna að allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu samtakanna í árslok, rekstri ársins og fjárhagslegri þróun samtakanna, komi fram í ársreikningnum.

Stjórn Aflsins staðfestir hér með ársreikning samtakanna fyrir árið 2017 með áritun sinni.

Akureyri,

Stjórn:

Elín Björg Ragnarsdóttir kosin formaður

Hrafnhildur Gunnþórsdóttir varaformaður

Þórunn Anna Elíasdóttir gjaldkeri

Tryggvi Hallgrímsson ritari

Rósa Matthíasdóttir meðstjórnandi

Áritun Enor

Til stjórnar og félagsmanna Aflsins

Við höfum veitt Aflinu faglega aðstoð við gerð ársreiknings fyrir árið 2017, byggt á þeim upplýsingum sem stjórnendur samtakanna hafa lagt fram. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, upplýsingar um helstu reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Við höfum skipulagt og hagað vinnu okkar í samræmi við alþjóðlegan staðal, ISRS 4410, sem fjallar um faglega aðstoð við gerð ársreiknings. Við höfum notað þekkingu okkar á sviði reikningsskila og ársreikningagerðar til að aðstoða samtökin að leggja fram ársreikning í samræmi við lög um ársreikninga. Við höfum við vinnu okkar fylgt þeim siðareglum sem um hana gilda.

Ársreikningurinn er byggður á bókhaldi samtakanna og öðrum upplýsingum stjórnenda Aflsins. Samkvæmt lögum um ársreikninga eru stjórnendur samtakanna ábyrgir fyrir ársreikningnum.

Þar sem fagleg aðstoð við gerð ársreiknings er ekki staðfestingarverkefni er þess ekki krafist af okkur að staðfesta nákvæmni eða heild þeirra upplýsinga sem stjórnendur hafa lagt fram. Þar af leiðandi látum við hvorki fram álit byggt á endurskoðun né ályktun byggða á könnun um hvort ársreikningurinn sé gerður í samræmi við lög um ársreikninga.

Akureyri,

Enor ehf.

Níels Guðmundsson
löggiltur endurskoðandi

Rekstrarreikningur ársins 2017

	Skýr.	2017	2016
Rekstrartekjur	3		
Framlög og styrkir		19.986.607	17.317.503
Aðrar rekstrartekjur		210.368	377.950
		<u>20.196.975</u>	<u>17.695.453</u>
Rekstrargjöld	4		
Laun og verktakagreiðslur		15.584.985	8.785.996
Annar rekstrarkostnaður		5.992.454	3.344.130
		<u>21.577.439</u>	<u>12.130.126</u>
Rekstrarafkoma (-tap)		(1.380.464)	5.565.327
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtatekjur		78.073	57.809
Vaxtagjöld og fjármagnstekjuskattur		(3.400)	0
		<u>74.673</u>	<u>57.809</u>
Rekstrarniðurstaða ársins		<u>(1.305.791)</u>	<u>5.623.136</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2017

Eignir	Skýr.	31.12 2017	31.12 2016
Veltufjármunir			
Aðrar skammtímakröfur		180.000	900.000
Handbært fé		5.521.077	6.338.188
		5.701.077	7.238.188
Eignir samtals		5.701.077	7.238.188
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé			
Eiginfjárreikningur	5	5.440.605	6.746.396
Skuldir			
Skammtímaskuldir:			
Ýmsar skammtímaskuldir		260.472	491.792
Skuldir samtals		260.472	491.792
Eigið fé og skuldir samtals		5.701.077	7.238.188

Skýringar og sundurliðanir

1. Almennar upplýsingar

Aflið er félagasamtök sem voru stofnuð á Akureyri árið 2002. Starfsemin byggir á forsendum þolenda kynferðislegs ofbeldis og/eða heimilisofbeldis.

2. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga. Gerð er grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum hér á eftir.

Mat og ákvarðanir

Við gerð ársreikningsins þurfa stjórnendur að taka ákvarðanir, meta og gefa sér forsendur sem hafa áhrif á stöðu eigna, skulda, tekna og gjalda sem og upplýsingar í skýringum á reikningsskiladegi. Við matið er byggt á reynslu, þekkingu og fleiri þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll fyrir stöðu á bókfærðu verði eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

Skráning tekna

Tekjur í rekstrarreikningi samanstanda af framlögum og styrkjum til rekstrar samtakanna. Styrkir og framlög eru færðir eftir því sem þeir eru greiddir til samtakanna eða í samræmi við ákvæði gildandi styrktarsamninga.

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Vaxtatekjur eru færðar þegar líklegt þykir að samtökin muni hafa hagrænan ávinning af þeim og unnt er að meta fjárhæð teknanna með áreiðanlegum hætti. Vaxtatekjur vegna bankainnstæðna og viðskiptakrafna eru tekjufærðar nema vafi leiki á um innheimtu þeirra.

Allur fjármagnskostnaður er færður í rekstrarreikning á því tímabili sem hann fellur til.

Handbært fé

Handbært fé og ígildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

Skýringar og sundurliðanir

3. Rekstrartekjur

	2017	2016
Framlög og styrkir		
Framlög frá ríki	14.500.159	13.000.087
Framlög frá sveitarfélögum	3.939.586	1.855.662
Ýmis önnur framlög og styrkir	1.546.862	2.461.754
	19.986.607	17.317.503
Aðrar rekstrartekjur		
Selda þjónusta	200.000	0
Ýmsar aðrar tekjur	10.368	377.950
	210.368	377.950

4. Rekstrargjöld

	2017	2016
Laun og verktakagreiðslur		
Laun og launatengd gjöld	4.835.285	2.789.354
Verktakagreiðslur	10.749.700	5.996.642
	15.584.985	8.785.996
Annar rekstrarkostnaður		
Húsaleiga	3.104.586	1.775.662
Símakostnaður	200.463	206.194
Tölvukostnaður og vefsíða	41.472	0
Pappír, prentun og ritföng	238.177	74.310
Gjaldfærð tæki og áhöld	253.171	138.601
Auglýsingar og kynningarmál	153.917	112.022
Ferða og fundakostnaður	331.355	105.215
Námskeið	372.500	278.000
Handleiðsla	743.318	97.000
Önnur aðkeypt þjónusta	0	69.686
Starfsmannatengdur kostnaður	394.413	263.250
Kaffistofa	66.321	82.628
Tryggingar	9.311	8.712
Þjónustugjöld og bankakostnaður	2.524	34.066
Ýmis annar kostnaður	80.926	98.784
	5.992.454	3.344.130

5. Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eigin fé

	Eiginfjár- reikningur
Staða í ársbyrjun	6.746.396
Hagnaður (tap) ársins	(1.305.791)
Staða í árslok	5.440.605

Takk fyrir



AFLIÐ

samtök gegn kynferðis- og heimilisofbeldi
á Norðurlandi